

Mál nr. 220/2025**VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. júlí 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 4. ágúst 2023 varð M fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá Y sem fram fór í húsnæði X. Þegar hann hafi ætlað að ganga inn um dyr sem hann hafði opnað féll segull sem alla jafna hélt hurðinni lokaðri niður og á höfuð hans. M leitaði samdægurs á heilsugæslu vegna áverka sinna.

Í málskoti kemur fram að M byggi á því að slys hans verði rakið til þess að aðbúnaður á vinnustaðnum var ófullnægjandi, enda liggi í augum uppi að segull sem eigi að halda hurð lokaðri eigi ekki að leiða til slysaheattu fyrir þá sem leið eigi um. Telji M því að um hafi verið að ræða hættulegar og óforsvaranlegar aðstæður sem X sem umsjónaraðili húsnæðisins beri ábyrgð á. Er þá vísað til ábyrgðar X samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Sú athafnaskylda hafi hvílt á X að gera allar mögulegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að tjón gæti hlotist af umræddum segli. Að sögn samstarfsmanns M, Z, en yfirlýsing hans dags. 16. maí 2025, er meðal málsgagna, hafi segullinn losnað daginn áður. Z hafi látið viðeigandi aðila vita af hættunni og verið sagt að þetta yrði lagað. Það hafi ekki verið gert. Auðvelt hefði verið fyrir X að grípa til viðeigandi ráðstafana, s.s. með viðvörunum til starfsfólks eða því að takmarka umferð um svæðið. Vanræksla á þeirri athafnaskyldu hafi leitt til slyss M. Kemur þá fram að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slys M fyrr en 29. ágúst 2023, eða rúmum þremur vikum eftir að það átti sér stað. Hafi tilkynning því ekki verið send til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980, en með hliðsjón af áverkum M og óvinnufærni hans í kjölfar slyssins hafi borið að senda slíka tilkynningu strax. Sú skylda hafi ekki aðeins hvílt á Y heldur einnig á X og er vísað til dómafordæma Hæstaréttar því til stuðnings. Vegna þessarar vanrækslu hafi ekki farið fram rannsókn á orsökum slyssins og beri X hallann af sönnunarskorti sem af því leiði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi ekki verið til staðar vitneskja um neina bilun í umræddum búnaði. Hafi X því ekki haft ástæðu til að ætla að bilun væri til staðar eða að ástæða væri til að yfirfara virkni segulsins. Sé því þá mótmælt að slaka eigi á sönnunarbyri eða snúa henni við á grundvelli þess að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt réttilega um slysið. Á slysdegi hafi M verið starfsmaður Y, og Y hafi ekki látið X vita um slysið. Hafi X því ekki verið í neinni aðstöðu til að tilkynna um það. Hafi M ekki sýnt fram á að tjón hans verði rakið til saknæms vanbúnaðar sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna heldur verði slys hans rakið til óhappatilviljunar.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að Z hafi, til samræmis við verklagsreglur í handbók X, tilkynnt símleiðis um bilun í seglinum stuttu fyrir slys M og þá verið tjáð að ráðstafanir yrðu gerðar til að sporna við slysaheattu. Það hafi ekki verið gert. Verði það þá einnig að teljast saknæmt af hálfu X hafi framangreind tilkynning ekki verið skráð sérstaklega. Er því harðlega mótmælt þeirri staðhæfingu að X hafi ekki haft vitneskju um bilun í seglinum.

Álit.

Tildrög slyss M virðast óumdeild og í lýsingu á atvikum í tilkynningu Y til Vinnueftirlitsins segir að M hafi skannað passa í þeim tilgangi að opna hurð en þá hafi segullinn sem hélt hurðinni fallið niður og á höfuð hans. Er það til samræmis við lýsingu M í málskoti. Virðist þá einnig liggja fyrir að M hafi verið óvinnufær allt frá slysdegi og bar því, samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys hans án ástæðulausrar tafar. Sú tilkynning var hins vegar ekki send fyrr en 29. ágúst 2023, eða 25 dögum eftir slysið. Er því ljóst að vinnuveitandi M, Y, stóð ekki rétt að slíkri tilkynningu. Hins vegar liggur ekki fyrir hvort sama skylda hafi stofnast gagnvart X, enda liggur ekkert fyrir um hvenær eða með hvaða hætti því var tilkynnt um óvinnufærni M.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar.

Þrátt fyrir að byggt sé á lýsingum M á tildrögum slyssins, en í þessu tilviki virðast þau óumdeild, hvílir eftir sem áður á honum að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Fyrirliggjandi er yfirlýsing Z varðandi það að hann hafi orðið bilunar í seglinum var einum eða tveimur dögum fyrir slys M, en þá hafi segullinn verið laus og sveiflast við höfuð hans sjálfs. Hann hafi látið viðeigandi aðila vita af biluninni og verið upplýstur um að viðgerð mundi fara fram. Fyrirliggjandi er handbók X en samkvæmt henni ber að tilkynna um bilanir í tiltekið símanúmer og við það fari í gang ákveðið mat á alvarleika bilunar og því hvort aðgerðastjórn eða X bregðist við vandanum. Z ber því við að hann hafi farið að þessum reglum, þ.e. hringt í viðkomandi símanúmer og fengið þau svör að brugðist yrði við.

Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu X að umrædd handbók hafi verið í gildi og að það sé rétt verklag að tilkynna um bilun með framangreindum hætti. Hins vegar segir í bréfi starfsmanns X til V: „Engar tilkynningar eru um atvik eða slys frá 4. ágúst 2023 eru í skrá [X] en það er engin vísibending um slíkar tilkynningar og því má leiða að því líkum að [X] hafi ekki verið kunnugt um lausan segul á þessari hurð. Á þessum gögnum frá [V] er ekki hægt að sjá að [Y] hafi tilkynnt [X] um aðstæður á slysstað eða slysið sjálft...“

Ofangreind lýsing er því ekki afdráttarlaus varðandi það hvort tilkynning hafi borist frá Z einum eða tveimur dögum fyrir slysið, eða það hvort leitað hafi verið eftir slíkri tilkynningu í gögnum X, þó hún sé nokkuð afdráttarlaus um að Y hafi ekki sent X tilkynningu um slys M sem slíkt. Þegar svo háttar til að starfsfólki er gert að tilkynna símleiðis um bilun eða vanbúnað leiðir það af eðli máls að örðugt getur verið fyrir það að sýna fram á það síðar að slík samskipti hafi átt sér stað og hvað þau hafi falið í sér. Hins vegar verður að telja að slík símtöl hljóti að vera skráð af hálfu móttakanda þeirra enda starfsemin þess eðlis að mikilvægt er að öryggiseftirlit og ferlar séu í föstum skorðum. Með vísan til framburðar Z, sem nefndin metur trúverðugan, verður X að mati nefndarinnar að bera hallann af því að engin gögn hafa verið lögð fram um tilkynningar um bilanir eða vanbúnað, s.s. símtala- eða atvikaskráning, dagana fyrir slys M. Af slíkum gögnum hefði væntanlega mátt ráða með einföldum hætti hvort umrætt símtal Z hafi átt sér stað en án þeirra verður að líta svo á að framburði hans hafi ekki verið hnekk.

Verður því að miða við að X hafi verið, eða hafi mátt vera, kunnugt um bilun í umræddum segli og að ekki hafi verið brugðist við þeirri bilun sem skyldi. Verður að meta X það til gáleysis að hafa ekki gripið til aðgerða og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða